

8. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn þriðjudaginn 13. september 2016 kl. 20:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt voru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Ingólfur Benediktsson Árnese 2, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnese 2, Elísa Ösp Valgeirsdóttir Árnese 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá:

1. Fjallskilaseðill árið 2016.
2. Bréf frá Bændasamtökum Íslands varðandi fjallskil.
3. Málefni Finnbogastaðaskóla.
4. Skipulagsstofnun - Landsskipulagsstefna – bréf lagt fram til kynningar.
5. Vatnsbólið í Norðurfirði.
6. Landbrot á Gjögri og víðar.
7. Bréf frá Þjóðskrá Íslands – lagt fram til kynningar.
8. Bréf frá Samb. ísl. sveitarfélaga og bréf til Ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs – kynning.
9. Erindi frá Davíð Má Bjarnasyni.

1. Fjallskilaseðill fyrir árið 2016 lagður fram til samþykktar.
2. Bréf frá Bændasamtökum Íslands varðandi fjallskil kynnt. Oddviti mun svara bréfinu en ekki er talið að um nein vandkvæði sé að ræði við fjallskil í Árneshreppi.
3. Málefni Finnbogastaðaskóla tekin fyrir. Nýr skólastjóri Helga Garðarsdóttir er væntanleg á næstu vikum. Oddviti mun ræða við Helgu varðandi ákveðinn komudag og íbúðamál. Staða kennara var rædd og mun Helga ræða það mál við skólanefnd. Þrífni á skólanum og félagsheimili voru tekin fyrir og hefur Hulda Björk Þórisdóttir óskað eftir að taka þau að sér og var það samþykkt. Lagður var fram undirritaður samningur vegna Vigdísar Grímsdóttur og leigu skólaíbúðar.
4. Bréf frá Skipulagsstofnun vegna Landsskipulagsstefnu lagt fram til kynningar.
5. Vatnsból í Norðurfirði rætt. Sýni sem voru tekin sýna að vatnið sem kemur úr læknum er örlítið mengaðra en það sem kemur úr tanknum. Mengun í vatnsbolinu er minni en í byggð í Norðurfirði. Ákveðið var eftir þessa niðurstöðu að halda fyrri áætlun og fá Þröst tankahreinsi í samstarfi við Davíð Má til að hreinsa tankinn sem allra fyrst.
6. Landbrot vegna sjávarbrims í Árneshreppi rætt. Oddviti sendi bréf til Vegagerðarinnar vegna málsins sem lagt var fram til kynningar.
7. Bréf frá Þjóðskrá Íslands vegna uppmælinga eignamarka lagt fram til kynningar.
8. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og bréf til Ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóð lagt fram til kynningar.
9. Erindi frá Davíð Má Bjarnasyni varðandi framtíðarsýn sveitarfélagsins tekið til umræðu. Hreppsnefnd óskar eftir fundi með Davíð Má við fyrsta tækifæri til að ræða málin nánar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 21:55